



**Aðgerðabundin
jafnréttisstefna
Álftanesskóla
2019-2022**

Jafnréttisstefna Álftanesskóla

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri er 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Skal þar m.a. sérstaklega kveðið á um markmið og gerð áætlun um hvernig þeim skuli náð til að tryggja starfsmönnum þau réttindi sem kveðið er á um í 19.–22.gr. Jafnréttisáætlun og jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti. Markmiðið með lagaskyldunni er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Álftanesskóli fylgir einnig jafnréttisstefnu Garðabæjar sem og aðalnámskrá grunnskóla og stefnir að því að efla trúarbragða-, jafnréttis-, einkalífs- og siðfræðslu á öllum stigum skólans.

Það er stefna Álftanesskóla að tryggja að konur og karlar njóti jafnréttis og að hver nemandi og starfsmaður sé metinn að verðleikum og sýni hver öðrum virðingu í samskiptum. Markmið stefnunnar er að jafna kjör og aðstæður karla og kvenna til menntunar og einnig að búa nemendur undir jafnrar þátttöku í samfélaginu. Hvers kyns kynbundin mismunun og kynbundið ofbeldi eða áreiti er ekki liðið.

Með jafnréttisstefnunni lýsir Álftanesskóli vilja sínum til þess að jafna hlut ólíkra einstaklinga og að bregðast við þeim aðstæðum sem benda til misréttis.

Unnið er markvisst gegn stöðluðum hugmyndum um hlutverk kvenna og karla. Skólinn leggur áherslu á það að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum.

1. Stefnan

Jafnréttisstefna Álftanesskóla tekur til annars vegar nemenda og hins vegar starfsmanna. Aðgerðaráætlun Álftanesskóla skal endurskoða á þriggja ára fresti. Skal sú endurskoðun fara fram í maí og er á ábyrgð skólastjórnenda að hún sé endurskoðuð og kynnt.

1.1. Nemendur

Með jafnréttisstefnu Álftanesskóla er leitast við að koma til móts við alla nemendur eins og hægt er, til þess að auka vellíðan og þroska meðan á námi þeirra stendur.

1.1.1. Aðstaða

Aðstaða nemenda til náms og annarrar starfsemi innan skólans skal vera jöfn óháð kynferði, kynhneigð, útliti, fötlun, trúarskoðun, fjölskylduforms eða uppruna.

Mikilvægt er að í náminu séu hlutir skoðaðir út frá mörgum sjónarhornum og að nemendum sé kennt að skoða námsefni og annað með gagnrýnum huga þannig að koma megí auga á og vinna gegn misrétti.

Jafnt aðgengi skal vera að upplýsingum um réttindi og skyldur nemenda og hið sama á við um námstilboð og aðstöðu til náms sem og aðgengi þeirra að heimildaöflun.

1.1.2. Kennsla og árangur

Leitast skal við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum sem gagnast sem flestum og koma til móts við þarfir og getu hvers og eins.

Stúlkur og drengir fái jafn mikil tækifæri til að tjá skoðanir sínar.

Nemendum sé tryggður vettvangur (nemendaþing) til að koma fram með gagnrýni og ábendingar um það sem betur mætti fara í skólasamfélaginu.

Í skólanum sé tryggt að nemendur fái markvissa jafnréttisfræðslu.

Í skólanum skal námsefni vera þannig úr garði gert að það taki tillit til kynferðis, kynhneigðar, útlits, fötlunar, trúarskoðunar, fjölskylduforms eða uppruna.

Í náms- og starfsfræðslu eða ráðgjöf innan skólans skulu nemendur hljóta sömu fræðslu og ráðgjöf óháð kyni sbr. ákvæðis 23. gr. laga um jafnan rétt karla og kvenna nr.10/2008.

1.1.3. Einelti og áreitni

Sbr. 22.gr. jafnréttislaga skal gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni. Nemendur eiga hvorki að þurfa að þola slíka hegðun af hendi samnemenda sinna né af starfsmönnum skólans. Slík hegðun er algerlega fordæmd og ekki liðin í skólanum.

1.2. Starfsmenn

Leitast skal við að starfsmenn skólans verði meðvitaðir um jafnrétti og hvað það felur í sér. Starfsfólk skal vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum.

1.2.1. Ráðningar

Jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður við skólann. Álftanesskóli vill jafna hlutföll í starfsliði skólans og stefnir að því að fjöldi kvenna og karla sé sem jafnastur. Í auglýsingum á vegum skólans eru bæði kyn hvött til að sækja um störf.

1.2.2. Launakjör

Kynferði skal aldrei ráða launa- eða starfskjörum starfsmanna Álftanesskóla. Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu viðmið við ákvörðun launa vera skýr og öllum ljós. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Vinna skal gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns í skólanum.

1.2.3. Starfsaðstæður og endurmenntun

Aðgengi til vinnu og öll vinnuaðstaða starfsmanna skal vera á jafnréttisgrundvelli.

Námskeið, sem hluti af símenntunaráætlun skólans, verða í boði fyrir alla starfsmenn. Þar verður meðal annars fengið fagfólk til þess að leiðbeina starfsfólki Álftanesskóla, hvernig kynna megi og fræða nemendur skólans um jafnréttisstefnuna og almennt um jafnréttismál.

1.2.4. Samræming fjölskyldulífs og vinnu

Starfsfólki Álftanesskóla er gert kleift að samræma vinnu og einkalíf. Það er gert meðal annars með sveigjanlegum viðverutíma ef starfið gerir slíkt mögulegt. Bæði körlum og konum er gert mögulegt að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem skapast af veikindum náinna fjölskyldumeðlima.

1.2.5. Einelti og áreitni

Fræðsla skal fara fram um einelti og kynferðislega og kynbundna áreitni. Sbr. 22.gr. jafnréttislaga skal gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk skólans verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni.

Starfsfólk á hvorki að þurfa að þola slíka hegðun af hendi nemenda né af starfsmönnum skólans. Slík hegðun er algerlega fordæmd og ekki liðin í skólanum.

Aðgerðaáætlun

Í aðgerðaáætlun Álftanesskóla vegna jafnréttisstefnu eru sett fram markmið og aðgerðir. Skólastjórn Álftanesskóla hefur umsjón með framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar. Þegar við á eru settir mælikvarðar um þann árangur sem stefnt er að út frá stöðunni í dag og fyrri sögu. Lögð er áhersla á að velja mælikvarða sem gefa hugmynd um framvindu mála á hverju sviði fyrir sig.

2.1. Nemendur

Hér verður greint frá aðgerðum er snúa að nemendum Álftanesskóla.

1.2.6. Aðstaða

Námsefni Álftanesskóla á ekki að mismuna nemendum.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Í náminu eru hlutir skoðaðir frá mörgum sjónarhornum og nemendum kennt að skoða námsefni og annað með gagnrýnum huga þannig að koma megí auga á og vinna gegn misrétti.	Kennarar.	Alltaf.
Námsefni skal vera þannig úr garði gert að það taki tillit til kynferðis, kynhneigðar, útlits, fötlunar, trúarskoðunar, fjölskylduforms eða uppruna.	Kennarar, stigstjórar, fagstjórar.	Alltaf.

1.2.7. Kennsla og árangur

Í Álftanesskóla er fjölbreyttum kennsluaðferðum beitt til þess að hægt sé að koma til móts við sem flesta nemendur.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Nemendaping er haldið þar sem nemendur gefist kostur á að ræða jafnréttis og réttindamál sem varðar þau sérstaklega.	Skólastjórnendur.	Einu sinni á ári, að vori.
Námsgögn nemenda séu með þeim hætti að kynjum sé ekki mismunað.	Allir starfsmenn.	Alltaf.
Allir nemendur 7. - 10. bekk fái náms- og starfsfræðslu þar sem m.a. er fræðsla um jafnréttismál til að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskylduhagi og atvinnulífi.	Náms- og starfsráðgjafi.	Fastir tímar í hverri viku allt skólaárið.
Aðgengi og aðbúnaður vegna fatlaðra nemenda sé gott. Óskað sé eftir úrbótum ef við á.	Umsjónarmaður fasteigna og skólastjóri.	Ágúst ár hvert.
Miðstig skólans fái jafnréttiskennslu í fjölgreinalotu.	Aðstoðarskólastjóri	Haust ár hvert.

1.2.8. Einelti og önnur áreitni

Nemendur Álftanesskóla eiga ekki að þurfa að þola áreitni sem birst getur í mörgum myndum svo sem kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða einelti. Ef grunur er um einelti fer strax af stað vinna eftir [Eineltisáætlun Álftanesskóla](#).

Verkefni	Ábyrgð	Tími
----------	--------	------

Starfsmenn skólans fá fræðslu um vísbendingar og viðbrögð við kynferðislegri áreitni.	Skólastjórn.	Alltaf.
Ef grunur er um einelti fer strax af stað vinna eftir Eineltisáætlun Álftanesskóla .	Eineltisteymi.	Eins fljótt og auðið er eftir að grunur kemur upp.

1.3. Starfsmenn

Hér verður greint frá aðgerðum sem snúa að starfsmönnum Álftanesskóla.

Starfsfólk skal vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Fræðsla og umræður um jafnrétti í skólanum.	Skólastjórn.	Á starfsmannafundi í byrjun skólaárs eða á starfsdegi fyrir áramót á a.m.k. 3. ára fresti.

2.2.1. Ráðningar

Álftanesskóli vill jafna hlutföll í starfsliði skólans og stefnir að því að fjöldi kvenna og karla sé sem jafnastur.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Öll störf sem losna eru auglýst og bæði kyn hvött til að sækja um.	Skólastjóri.	Alltaf.

2.2.2. Launakjör

Starfsmenn Álftanesskóla skulu njóta jafnra launakjara

Verkefni	Ábyrgð	Tími
----------	--------	------

Karlar og konur njóta sömu launakjara.	Skólastjóri eða trúnaðarmenn.	Alltaf.
--	-------------------------------	---------

2.2.3. Starfsaðstæður og endurmenntun

Aðgengi til vinnu og öll vinnuaðstaða starfsmanna skal vera á jafnréttisgrunvelli.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Fræðsla og umræður um jafnrétti í skólanum fari fram með tilliti til aðgengis til vinnu og vinnuaðstöðu.	Skólastjórn.	Á starfsmannafundi í byrjun skólaárs eða á starfsdegi fyrir áramót.

2.2.4. Samræming fjölskyldulífs og vinnu

Starfsfólki Álfthanesskóla skal gert kleift að samræma vinnu og einkalíf.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Starfsfólki gert mögulegt að sinna tímabundinni fjölskylduábyrgð sem gæti skapast.	Skólastjórnendur, trúnaðarmenn.	Alltaf.

2.2.5. Einelti og áreitni

Starfsfólk Álfthanesskóla á ekki að þurfa að þola áreitni sem getur birst í ýmsum myndum svo sem kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða einelti.

Verkefni	Ábyrgð	Tími
Fagmenn fengnir til þess að leiðbeina starfsfólki Álfthanesskóla um hvernig megi fræða nemendur skólans um jafnréttisstefnuna.	Skólastjóri.	Á fræðslufundi eða starfsmannafundi á a.m.k. 3. ára fresti.
Liggi grunur um einelti skal fara eftir 4. gr. reglugerðar vinnueftirlitsins um aðgerðir gegn einelti.	Skólastjórnendur eða trúnaðarmenn.	Alltaf.

Aðgerðaáætlun þessi var samþykkt: 16. nóvember 2018 og skal því vera tekin til endurskoðunar í maí 2021.